

Fundur stjórnar KSÍ, 22. nóvember 2019

Drög: Lagabreytingartillögur frá stjórn KSÍ fyrir ársþing 2020

Tillaga að lagabreytingum LÖG KNATTSPYRNUSAMBANDS ÍSLANDS

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Tillaga að breytingum á grein 5:

5. grein - Réttindi og skyldur aðildarfélaga

5.7. Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna að því að efla heilbrigðan íþróttanda, koma í veg fyrir lyfjamisnotkun, vinna gegn hvers konar mismunun á grundvelli trúarskoðana, kynferðis, kynhneigðar, stjórnmálaskoðana, þjóðernis eða af öðrum ástæðum. ~~Aðildarfélag skuldbindur sig einnig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja.~~

Tillaga að breytingum á grein 6:

6. grein - Aðrar skyldur

6.1. Aðildarfélög, KSÍ, leikmenn og aðrir innan KSÍ skuldbinda sig til að leika knattspyrnu í samræmi við knattspyrnulögin og í samræmi við lög og reglur FIFA/UEFA.

6.2. Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilum sem falla undir lög þessi og taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.

Page Break

Tillaga að breytingum á grein 11:

11. grein - Dagskrá

11.1. Dagskrá knattspyrnupings er:

- Þingsetning og staðfesting á lögmæti þingsins í samræmi við lög þessi.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar og það samþykkt.
- Lögð fram skýrsla fráfarandi stjórnar.
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar KSÍ.
- Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga, skýrslan og reikningar lagðir undir samþykki.
- Stjórn KSÍ leggur fram tillögu að fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir næsta starfsár.
- Tillögur um breytingar á lögum og reglugerðum teknar til afgreiðslu.
- Tillögur um önnur mál sem borist hafa til stjórnar teknar til afgreiðslu.
- Önnur mál.

n. Kosningar. Álit kjörnefndar.

1. Kosning stjórnar.
 - a. Kosning formanns (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra manna í stjórn.
 - c. Kosning 3ja varamanna í stjórn.
2. Kosning fulltrúa frá landsfjórðungum.
 - a. Kosning 4ra manna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
 - b. Kosning 4ra varamanna frá landsfjórðungum (annað hvert ár).
3. Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ.
4. Kosning löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis.
5. Kosning í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ (8 menn).
6. Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ (3 aðalmenn og 5 varamenn).
7. Kosning í leyfisráð KSÍ (5 menn).
8. Kosning í leyfisdóm KSÍ (5 menn).
9. Kosning fulltrúa í kjaranefnd
 - a. Kosning 3ja manna í kjaranefnd (annað hvert ár).
 - b. Kosning varamanns í kjaranefnd (annað hvert ár).
10. Kosning kjörnefndar, (3 menn), er starfi milli þinga.

o. Tilnefning og staðfesting eins fulltrúa ÍTF í stjórn (annað hvert ár).

p. o. Fundargerð þingsins borin upp til afgreiðslu.

r. p. Þingslit.

11.2 Stjórn KSÍ skal senda ÍSÍ og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða.

Tillaga að breytingum á grein 14.1.:

V. STJÓRN KSÍ

14. grein - Skipulag stjórnar KSÍ

14.1. Stjórn KSÍ skal skipuð tíu mönnum að formanni meðtöldum og þremur varamönnum. Varamenn taka sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast í sömu röð og þeir eru kosnir. Níu fulltrúar í stjórn KSÍ eru kjörnir **beinni kosningu á af** ársþingi KSÍ. **Tilnefning fulltrúa ÍTF skv. ákvæði 14.2. skal lögð fyrir ársþing til staðfestingar.**

Tillaga að breytingum á grein 29:

29. grein – Samninga- og félagaskiptanefnd

29.1. Samninga- og félagaskiptanefnd hefur eftirlit með félagaskiptum leikmanna og samningum leikmanna **og þjálfara** við aðildarfélög KSÍ. Nefndin starfar skv. reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

29.2. Um hæfi þeirra sem skipa samninga- og félagaskiptanefnd skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Þeir sem skipaðir eru í samninga- og félagaskiptanefnd skulu ekki sitja í stjórnnum aðildarfélaga.